



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Dýri Guðmundsson
Formaður Ritnefndar FLE
Mars 2001
24. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði	1
Áhugaverðar heimastíður.....	2
Til sölu á skrifstofu FLE	2
Málþing PricewaterhouseCoopers ehf. um eiginfjárreikninga.....	3
Viðhorfskönnun meðal félagsmanna FLE	6
Málþing KPMG um kaupréttar- samninga á hlutabréfum og önnur hvatakerfi	7
Málþing Deloitte & Touche hf. um afnám verðleiðréttra reikningsskila	8
Fráteknar dagsetningar	9
Opnunartími skrifstofu FLE	9
Skattlagning á Íslandi — samanburður við önnur lönd	9
Nýir félagar árið 2001	14
Frá menntunarnefnd.....	15
Úrskurðir yfirkattanefndar	16
Hvert eru félagar í FLE að fara?	17
Námskeið fyrir endurskoðendur apríl 2001	19

Af stjórnarborði



Simon Á.
Gunnarsson
Formaður FLE.

Verðbólgu-reikningsskil

Stjórn FLE skipaði á fundi sínum 14. desember síðastliðinn vinnuhóp til þess að fara ofan í kjöllinn á því hvort tímabært sé að gera tillögur um breytingar eða afnám verðbólguleiðréttinga í reikningsskilum hér á landi. Í hópinn voru skipuð þau Anna Kristín Traustadóttir, Árni Tómasson, Stefán Svavarsson, Sæmundur Valdimarsson og Vignir Rafn Gíslason.

Hópurinn vann sitt verk hratt og örugglega og skilaði til stjórnar minnisblaði hinn 17. janúar. Minnisblaði þessu hefur verið dreift til félagsmanna. Í minnisblaðinu kemur fram sú niðurstaða hópsins að fyllilega sé tímabært að athuga hvort ekki séu efni til að hætta með verðleiðrétt reikningsskil og verðleiðrétt skattskil hér á landi. Hópurinn rekur síðan helstu kosti þess og galla að afnema slík reikningsskil og kemur fram með hugmyndir að næstu aðgerðum.

Eins og fram kemur í minnisblaði hópsins og ég benti á í síðasta tölublaði FLE fréttar, er nauðsynlegt skilyrði þess að hætta með verðleiðrétt reikningsskil að verðleiðréttingarákvæði skattalaga verði afnumin. Misræmi í ársreikningagerð milli þeirra sem fylgja skattalögum og þeirra sem beita öðrum reikningsskilaaðferðum væri afskaplega slæmur kostur fyrir viðskiptalífnið og stöðu okkar sem endurskoðenda. Það er því nauðsynlegt að skapa samstöðu um að breyta þeim aðferðum sem notaðar hafa verið bæði í

ársreikningagerð og skattskilum undanfarna tvo áratugi. Í því markmiði að skapa slíka samstöðu hefur stjórn FLE kynnt minnisblað hópsins og hugmyndir félagsins fyrir bæði Fjármálaráðuneytinu og Verðbréfaþingi Íslands. Mér er kunnugt um að eftir þá kynningu hefur nefnd skipuð af fjármálaráðherra á árinu 1998 komið saman til að fjalla um málið. Einnig er ljóst að forsvarsmenn Verðbréfaþingsins hafa áhuga á að hreyfa við þessu máli.

FLE hefur ekkert umboð til að skipa fyrir um breytingar í þessum efnum en félagið mun reyna að stuðla að sem víðtækastri samstöðu um breytingar áður en aðgerðir verða ákveðnar.

Framtalsfrestir

Ríkisskattstjóri hefur nýlega tilkynnt um þá fresti sem endurskoðendur og bókarar hafa til að skila framtölum skjólstæðinga sinna. Um þessi mál hefur FLE átt viðræður við embætti ríkisskattstjóra frá síðastliðnu hausti og haft um það samstarf við samtök bókhaldsstofa. Viðræður þessar hafa ekki leitt til samkomulags um frestmálin. Ríkisskattstjóri hefur því sett skilafresti sem í ýmsu eru frábrugðnir því sem verið hefur síðastliðin ár. Annars vegar eru skilafrestir einstaklinga utan rekstrar síðar á árinu en venja er til og með ákveðnum hlutföllum skila á fjórum skiladögum. Á hinn bóginn eru skiladagar lögaðila fjórir í stað þriggja áður og er nú gerð krafa um að helmingi framtala lögaðilanna verði skilað fyrir 30 júní. Mun það sjónarmið hafi ráðið í þessum ákvörðunum að dreifa þurfi vinnuálagi á skattstofunum.

Í desember síðastliðnum samþykkti Alþingi breytingar á 93. gr. laga 75/1981, sem fjallar um fresti og skilaskyldu framtala. Samkvæmt þessum breytingum er það fjármálaráðherra



sem ákveður í upphafi hvers árs, að fengnum tillögum frá ríkisskattstjóra hvenær álagningu skal lokið. Ennfremur skal ríkisskattstjóri í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila framtali. Fjármálaráðherra hefur í framhaldi af þessari breytingu ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða tímasetningar álagningar, jafnt á einstaklinga sem lögaðila til hagræðis fyrir skattgreiðendur og alla þá aðila sem að málinu koma. Óskað hefur verið eftir tilnefningu FLE á fulltrúa í nefndina og hefur stjórn félagsins tilnefnt Guðmund Snorrason varaformann félagsins.

Alþjóðleg viðskiptafélög og samkeppnisstaða Íslands

Í setningarræðu á skattadegi FLE í janúar benti ég á þá staðreynd að lög um alþjóðleg viðskiptafélög hafa á engan hátt náð tilgangi sínum vegna þess hversu takmörkuð þau eru. Nokkur félög hafa fengið starfsleyfi, en ekkert þeirra hafið eiginlega starfsemi. Á þeim tíma voru boðaðar breytingar á lögum til að vikka út starfshemildir félaganna. Nú hefur verið hætt við að leggja til þessar breytingar á lögum ekki síst vegna athugasemda fjármálaráðuneytisins sem lagðist gegn breytingunum vegna þeirra skuldbindinga sem íslensk stjórn-

völd hafa undirgengist bæði á vettvangi OECD og með samþykkt EES-samningsins. Einnig var vísað til vandkvæða sem upp hafi komið við gerð tvísköttunarsamninga vegna laganna um alþjóðleg viðskiptafélög. Að mínu mati er hér um að ræða nokkuð endanlega „afgreiðslu“ laganna um alþjóðleg viðskiptafélög.

Af þessu tilefni vil ég að lokum leyfa mér að birta hér texta úr áður nefndri setningarræðu á skattadegi FLE:

„Það er skoðun mín að í heimi vaxandi alþjóðavæðingar sé það lykilatriði fyrir lítið efnahagskerfi eins og okkar að skattkerfi okkar sé samkeppnisfært við önnur lönd og ég held líka að við eigum sóknarfæri, þannig að við getum laðað að erlenda starfsemi með hagstæðu skattaumhverfi og haldið þannig háu atvinnustigi og öflugu velferðarkerfi. Nefna má í þessu sambandi dæmi um Íra sem hafa verið mjög duglegir að laða til sín erlend fyrirtæki t.d. í hátækni og hugbúnaðarframleiðslu, með ýmiss konar skattaávilnunum. Eftir athugasemdir Evrópusambandsins vegna ósamræmis í skattlagningu, hafa Írar mótað þá stefnu að taka upp einn flatan tekjuskatt á fyrirtæki sem á árinu 2003 verður kominn niður í 12,5%. Reynsla þeirra hefur verið sú að með lækkingu skattprósenta aukast tekjurnar. Enginn vafi er á því að þessi stefna Íra mun hafa áhrif annars staðar m.a. hér á landi. Okkar 30% tekjuskatt-

ur verður orðinn meira en helmingi hærri en tekjuskattur á Írlandi og hefur þá ekki verið tekið tillit til eignarskattsins sem ég tel að eigi að skoða sem hreina viðbót við tekjuskatt á atvinnurekstur. Ýmis atvinnustarfsemi á sér engin landamæri og mun staðsetja sig þar sem arðsemin verður mest, og skattarnir eru lykilatriði í því máli. Samkeppnishæfni okkar á þessu sviði getur ráðið úrslitum um framtíðarþróun lífskilyrða hér á landi.

Á sama tíma og aðrar þjóðir keppast við að laða til sín atvinnustarfsemi með hagstæðu skattaumhverfi virðist manni stundum að skattfyrivöld séu svo upptekin af skattasniðgönguhugsun sinni að í reynd nái hugtakið yfir allt það sem einstaklingar og lögaðilar gera til að lækka skattgreiðslur sínar. Ég óttast að við séum að verða undir í samanburði við aðrar þjóðir og stjórnvöld verða að átta sig á því að atvinnurekstur mun alltaf leita í þann farveg sem hagkvæmastur er, bæði hvað varðar skatta og aðra mælikvarða. Við erum að dragast aftur úr að þessu leyti. Í stað þess að laða til okkar fjármagn með rétttri löggjöf mun fjármagn og skattgreiðslurnar leita í burtu héðan.

Til sölu á skrifstofu FLE

Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-

Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

IASC International Accounting Standards 2000. Verð kr. 11.081,-

IFAC Handbook 2000. Technical Pronouncements. Ethics and International Standards on Auditing. Verð kr. 11.081,-

Applying International Accounting Standards. Höf. David Cairns. Verð kr. 11.193,-

Áhugaverðar heimasíður

[Alþingi Íslendinga](#)

[Félag löggiltra endurskoðenda](#)

[Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga](#)

[Ríkisskattstjóri](#)

[Yfirskattanefnd](#)

[FEE-Evrópusamb. endurskoðenda](#)

[IFAC-Alþjóðasamtök endursk.](#)

[ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið](#)

www.althingi.is

www.fle.is

www.fvh.is

www.rsk.is

www.yskn.is

www.fee.be
www.euro.fee.be

www.ifac.org

www.iasc.org.uk

Málþing PricewaterhouseCoopers ehf. um eiginfjárreikninga

Málþing PricewaterhouseCoopers ehf. um eiginfjárreikninga var haldið í samstarfi við Félag viðskipta- og hagfræðinga og Félag löggiltra endurskoðenda.

Þann 25. janúar var haldið málþing á Grand Hótel sem bar yfirskriftina „Framsetning, form og innihald eiginfjárreikninga og meðferð þeirra í reikningsskilum skráðra félaga á Verðbréfaþingi Íslands.“ Fyrirlesarar á málþinginu voru þeir Gunnlaugur Kristinsson og Ólafur Þór Jóhannesson, endurskoðendur hjá PricewaterhouseCoopers ehf. Á málþingið mættu um 50 manns.

Í fyrsta hluta málþingsins var gerð grein fyrir þeim lögum og reglum sem gilda um framsetningu, innihald og ráðstöfunarheimildir einstakra eiginfjárreikninga. Í öðrum hluta var gerð grein fyrir niðurstöðum á könnun sem framkvæmd var á þeim hluta reikningsskila skráðra félaga á VÞÍ er snýr að framsetningu og innihaldi eiginfjárreikninga. Að loknum fyrirlestrum var þátttakendum skipt í 6 umræðuhópa þar sem fyrirfram ákveðin umfjöllunarefni voru rædd. Nokkuð líflegar umræður sköpuðust um þau og fara þau umfjöllunarefni hér á eftir og samantekt á helstu niðurstöðum sem þar komu fram ásamt helstu atriðum sem fram komu í fyrirlestrum sjálfum.

Framsetning, innihald og ráðstöfunarheimildir einstakra eiginfjárreikninga

Um framsetningu form og innihald og ekki síst ráðstöfun einstakra eiginfjárreikninga fer eftir 1) lögum um ársreikninga nr. 144/1994 (ÁRL.), 2) reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og 3) lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Jafnframt eru í gildi sérstakar reglugerðir/lög er varða ársreikninga einstakra atvinnugreina.

Í 9. gr. laga um ársreikninga segir m.a. að

ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynda af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess. Það er því ljóst að við gerð reikningsskila hér á landi skulu menn m.a. fara eftir þeim lögum og reglum sem að framan er greint frá.

Fræðileg skilgreining eiginfjár

Í fræðilegum skilningi er hægt að tala um þriðskiptingu eigin fjár, allt eftir uppruna þess.

Í fyrsta lagi er um að ræða innborgað fé frá hluthöfum, í öðru lagi eftirstæðan hagnað/tap og í þriðja lagi óinnleystan geymsluhagnað vegna sérstakra matsbreytinga á eignum sem eru umfram almennar verðlagsbreytingar.

Framsetning eiginfjárreikninga

Í reglugerð númer 696 er að finna nokkuð nákvæmar reglur um það hvernig setja skuli fram eigið fé í ársreikningi og eru yfirflokkar þeirrar sundurliðunar eftirfarandi: 1) Hlutafé og stofné 2) Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár 3) Endurmatsreikningur 4) Aðrir eiginfjárreikningar 5) Óráðstafað eigið fé. Sundurliðun ofangreindra flokka skal birta í ársreikningi en heimilt er að sýna sundurliðun eigin fjár í skýringum. Miðað við hina nákvæmu framsetningu og sundurliðun reglugerðarinnar á því hvað teljast skuli undir hverjum flokki er kannski eðlilegast að yfirflokkarnir séu sýndir í efnahagsreikningi og sundurliðun þeirra sýnd í skýringum.

Endurmat

Í 25. grein laga um ársreikninga er kveðið á um að heimilt sé að taka tillit til almennra verðlags-



Gunnlaugur Kristinsson
endurskoðandi



Ólafur Þór Jóhannesson
endurskoðandi

breytinga á rekstur og efnahag félaga. Þar sem verðleiðrétt reikningsskil eru, enn sem komið er, talin til góðrar reikningsskilavenju ber að fara eftir 25. greininni í því sambandi. Í 25. greininni er kveðið á um að heimilt sé að leiðrétta liði ársreiknings vegna áhrifa verðbólgu, þar með talið eigið fé. Jafnframt því er heimilt að endurmeta og færa á sérstakan endurmatsreikning matshækkun á fastafjárumunum sé raunvirði þeirra verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð. Þennan sérstaka endurmatsreikning má einungis leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða að fullu afskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi. Hinn sérstaki endurmatsreikningur fylgir því ákveðnum eignum.

Mjög skýrar heimildir eru í 25. greininni um það hvernig ráðstafa megi endurmatsreikningi sem myndast hefur vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Sé farið eftir 25. greininni og allir liðir efnahagsreiknings endurmetnir sam-



kvæmt henni þá stendur eftir á endurmatsreikningi sá framreikningur sem þarf til að verðleiðréttu innbargað hlutfé fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga. Sé slíkur framreikningur ekki viðhafður þá eru ekki allar fjárhæðir í efnahagsreikningi sýndar á sama verðlagi. Ákveðið vandamál er þó með lögbundna varasjóðinn sem mynda skal samkvæmt hlutfélagalögum því hann er sýndur í hlutfalli við hlutfé sbr. umfjöllun hér á eftir. Því er kannski eðlilegast að eftir standi á endurmatsreikningi sú fjárhæð sem þarf til að framreikna innbargað hlutfé og lögbundinn varasjóð. Auk þess eru ákveðin vandamál bundin við félög sem til voru fyrir upptöku verðleiðréttra reikningsskila árið 1979 því uppreiknaðferðir sem heimilar voru þá, til að verðleiðréttu fyrri ár, gátu haft í för með sér að endurmatsreikningur varð verulega neikvæður.

Lögbundinn varasjóður

Í 100 gr. hlutfélagalaga er lögð skylda á félög að verja minnst 10% hagnaðar, sem ekki fer í það að jafna tap fyrri ára, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% af nafnverði hlutfjár og eftir það 5% hagnaðar uns varasjóður nemur 25% af nafnverði hlutfjár. Yfirverð sem greitt er fyrir hlutfé leggst samkvæmt hlutfélagalögum í lögbundinn varasjóð. Þannig virðist ekki vera þörf á því að leggja í varasjóð af hagnaði ef yfirverð innbargaðs hlutfjár nemur hærrí fjárhæð en 25% af nafnverði hlutfjár. Í sömu grein hlutfélagalaganna er gefin heimild til þess að jafna varasjóði á móti tapi. Heimild er því til þess í hlutfélagalögum að jafna yfirverðsreikningi innbargaðs hlutfjár á móti neikvæðu óráðstöfuðu eigin fé og flýta þannig fyrir heimild til arðgreiðslna í framtíðinni.

Framsetning eiginfjárreikninga skráðra félaga á Verðbréfaþingi Íslands

Tilgangur könnunarinnar var að athuga hvernig meðferð á eiginfjárreikningum væri háttáð í reikningsskilum skráðra félaga. Ársreikningar allra skráðra félaga vegna ársins 1999 á Verð-

bréfaþingi Íslands voru kallaðir til leiks. Athugin beindist einkum að eftirfarandi atriðum:

- hvort framsetning eiginfjárreikninga væri í samræmi við reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga,
- hvort yfirverðsreikningur innbargaðs hlutfjár væri myndaður sbr. áður nefnda reglugerð,
- hvort yfirverð vegna nýs hlutfjár, innlausnar á eigin bréfum og seldra eigin bréfa færi á yfirverðsreikning,
- hvort varasjóður væri myndaður sbr. 100. gr. laga um hlutfélög,
- hvort lagt væri í lögbundinn varasjóð skv. ákvæðum í 100. gr. laga um hlutfélög,
- hvort „eðlilegar“ hreyfingar væru á endurmatsreikningi og óráðstöfuðu eigin fé,
- hvort óráðstafað eigið fé væri endurmetið í samræmi við verðlagsbreytingar þannig að staðan á honum í lok tímabils endurspegladi eftirstæðan hagnað á verðlagi í lok ársins 1999,
- hvort gætt væri ákvæða 99. gr. hlutfélagalaga um útgreiðslu arðs þ.e. að nægilegt hlutfall af útstandandi hlutfé sé bundið á lögbundnum varasjóði og óráðstafað eigið fé sé til staðar,
- önnur atriði.

Það kom nokkuð á óvart hversu frjállega virtist stundum farið með einstök atriði upptalin hér að framan og oft gat verið erfitt að átta sig á því hvort lögum og fyrirætlum hefði verið fylgt eða ekki. Hér á eftir fara nokkur þau atriði sem áhugaverð voru í þessu sambandi:

1. Heiti á reikningi „annað eigið fé“ en ekki „óráðstafað eigið fé“ (7 félög, 14,6%)

Samkvæmt reglugerð nr. 696 um framsetningu og innihald ársreikninga er ekkert til sem ber yfirskriftina annað eigið fé nema óskilgreindur reikningur undir öðrum eiginfjárreikningum. Undir þann lið falla lögbundinn varasjóður skv. 100. gr. laga um hlutfélög, varasjóður vegna hækkunar á gengi eignahluta í skráðum félögum, varasjóður skv. ákvæðum stofnsamnings og annað eigið fé. Svo virðist sem annað eigið

fé í reikningsskilum þessara sjö félaga eigi að endurspegla óráðstafað eigið fé þó svo ekkert verði fullrytt í því sambandi.

2. Óráðstafað eigið fé ekki endurmetið (8 félög, 16,7%)

Að framkvæma ekki slíkt endurmat leiðir til þess eftirstæður hagnaður er ekki á verðlagi í lok reikningsskilatímabils sem getur takmarkað rétt til greiðslu arðs. Að vísu er kveðið á um í 25. gr. ÁRL að færa megi það sem umfram er á endurmatsreikningi, en sem nemur framreikningi á innbörguðu eigin fé, á óráðstafað eigið fé láist mönnum að gera það strax. Óneitanlega væri „smekklegra“ að sjá slíkt endurmat framkvæmt jöfnum höndum.

3. Ekki búið að kljúfa yfirverðsreikning innbargaðs hlutfjár frá lögbundnum varasjóði (13 félög, 27,1%)

Samkvæmt reglugerð nr. 696 ber að tilgreina sérstaklega fjárhæð innbargaðs hlutfjár sem umfram er nafnverð þess frá og með gildistöku laga um ársreikninga. Jafnframt er heimilt (ekki skylda) að tilgreina þar með yfirverð sem myndaðist fyrir gildistöku laganna. Lög um ársreikninga tóku gildi 1994 og mörg félög sem skráð eru á VÞÍ hafa farið í gegnum hlutfjárauðningu með yfirverði frá þeim tíma. Í ljósi þess að VÞÍ þótti ástæða til að senda félögum bréf og benda á þetta ákvæði laganna má álykta sem svo að einhverju hafi verið ábótavant í þessu sambandi. Félagin 13 sem ekki hafa klofið upp reikninginn hljóta flest að hafa fengið samskonar bréf. Ekkert verður sagt um það hvort hér sé í öllum tilfellum um að ræða félög sem ekki hafa aukið hlutfé eftir gildistöku og búi því ekki við yfirverðsreikning innbargaðs hlutfjár eða hvort ábendingum VÞÍ hafi ekki verið fylgt.

4. Jákvæð staða á endurmatsreikningi færð á óráðstafað eigið fé (13 félög, 27,1%)

Engin heimildarákvæði eru í 25. gr. ÁRL til að framkvæma slíka færslu. Endurmatsreikningur á

að endurspeglar framreikning á innborguðu eigin fé. Fjárhæð sem laus er til greiðslu arðs verður hærri við slíka færslu en heimilt er samkvæmt lögum. Hugsanlega er í sumum tilfellum um að ræða leiðréttingu á því endurmati sem skapaðist fyrir upptöku verðleiðréttra reikningsskila árið 1979. Þó mátti í þessu sambandi sjá félög, sem stofnuð voru eftir upptöku verðleiðréttra reikningsskila, núllstillta jákvæða stöðu á endurmatadreikningi. Slíkt er augljóst brot á 25. greininni. Í ljósi þess fjölda félaga á VPÍ sem framkvæma slíka færslu er það spurning hvort ekki færi betur á að þau greindu frá því í skýringum hvers vegna þau viðhafi núllstillingu endurmatadreiknings og birti útreikning og ónýtta heimild.

5. Lögbundinn varasjóður ekki myndaður og/eða lögbundinn varasjóður nær ekki tilskildum lágmarkun skv. 99. gr. hlutafélagalaga (10% af hlutafé) en þrátt fyrir það er greiddur arður (í flestum tilvikum) (15 félög 31,3%)

Hjá flestum þeim félögum sem hér um ræðir er „nóg til“ á óráðstöfuðu eigin fé til að mynda lögbundinn varasjóð og láta hann standa í 10% af hlutafé. Þ.e. eftir er að framkvæma yfirfærsluna eða sýna hana.

6. Ekki lagt í lögbundinn varasjóð þegar hagnaður er af rekstri (9 félög, 18,8%)

Í þessum tilvikum hefur lögbundinn varasjóður ekki náð 25% markinu. Skýringa gæti að hluta verið að finna í því að félög telji sig vera búin að uppfylla ákvæði hlutafélagalaga um framlög vegna innborgaðs yfirverðs en eftir að skylt varð að skipta lögbundna varasjóðnum upp í yfirverðsreikning og hagnaðarframlög raskast hlutfallið milli hans og hlutafjárins. Einnig gæti verið um „gleymsku“ að ræða en um það skal ósagt látið.

Rangt framlag í lögbundinn varasjóð (5% framlag en ætí að vera 10%) (2 félög 4,2%)

Hér virðist túlkunin vera sú að ákvæði hlutafélagalaga séu uppfyllt með því að lögbundni varasjóðurinn nái 10% af nafnverði hlutafjár með yfirverðsreikningi. Í þessum tilvikum hefur lögbundni varasjóðurinn, eins og hann er tilgreindur í eiginfjárfirlitinu, ekki náð 10% af hlutafé svo heimilt sé að lækka framlagið í 5% af hagnaði ársins. Samanlögð fjárhæð yfirverðs og lögbundins varasjóðs þessara tveggja félaga nam þó hærri fjárhæð en 10% af nafnverði hlutafjár.

7. Yfirverð fært yfir endurmatadreikning (1 félag, 2,1%)

Slík ráðstöfun kom aðeins fyrir í einu tilviki en það hljóta að teljast hrapaleg mistök þrátt fyrir það.

8. Hluti af yfirverðsreikningi notaður til þess að jafna ójafnað tap (1 félag, 2,1%)

Samkvæmt 100. gr. hlutafélagalaga er heimilt að nota varasjóð til þess að jafna tap. Spurning er hvort eðlilegt sé að nota „yfirverðshluta“ lögbundna varasjóðsins til slíkra þarfa sem og yfirverðsreikninginn nema þegar hlutafé er lækkað. Öðru máli gegnir um hagnaðarhluta lögbundna varasjóðsins.

9. Neikvæðum endurmatadreikningi skv. 25. gr. A í ÁRL ekki jafnað út þrátt fyrir heimild (2 félög, 4,2%)

Hér er um útlitslegt mál í framsetningu eigin fjár að ræða. „Ljótt“ er að sjá mínustölu innan um stórar plústölur. Einnig gæti verið um að ræða svokallað „Stock dividend“ sem hefði fremur átt að færa á móti óráðstöfuðu eigin fé.

Umræðuhópar:

Að loknum fyrirlesturum var hópnum skipt í 6 umræðuhópa og fyrir þá lögð fyrirfram ákveðin umfjöllunarefni. Nokkuð líflegar umræður sköpuðust um þau og fara þessi umfjöllunarefni hér á eftir og samantekt á helstu niðurstöðum sem þar komu fram.

Eru hlutdeildartekjur umfram móttekinn arður af viðkomandi fjárfestingum innleystur hagnaður og þar af leiðandi laus til greiðslu arðs?

Almennt voru menn sammála um að svo væri. Því til rökstuðnings var meðal annars bent á rekstrargrunnsreglu reikningshaldsins. Hins vegar er óeðlilegt og óheimilt í móðurfélagi að úthluta svo miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar sbr. 99. grein laga um hlutafélög.

Hver eru rökkin fyrir því að millifæra endurmatadreikning í heilu lagi á óráðstafað eigið fé?

Rökkin sem menn hafa sett fyrir slíkra millifæra eru þau að það vanti að endurmeta óráðstafað eigið fé frá 1979 sbr. heimild til þess að endurmeta óráðstafað eigið fé (annað eigið fé skv. lögum um ársreikninga). Því sé verið að reyna að nálgast „réttu stærð á óráðstöfuðu eigin fé“ með þessu móti. Til að þessi rök standist verða útreikningar um þetta endurmat að liggja fyrir. Í sumum tilfellum gæti líka verið um hugsunarleysi og misskilning að ræða hjá þeim sem gera reikningsskilin.

Er það skilningur aðila að uppfyllt séu ákvæði hlutafélagalaga um 25% bindingu ef samtala yfirverðsreiknings og lögbundins varasjóðs nái fyrrgreindu hlutfalli af hlutafé? Ef yfirverðsreikningur nemur hærri fjárhæð en 25% af



Hlutafé, þarf þá aldrei að leggja í lögbundinn varasjóð?

Þarna greindi menn nokkuð á. Fleiri voru þó á því að félög væru búin að uppfylla skilyrði hlutafélagalaga ef samtala yfirverðsreiknings og lögbundins varasjóðs næði framangreindu marki og því þyrfti ekki að leggja í lögbundinn varasjóð svo framarlega sem yfirverðsreikningur stæði í a.m.k. 25% af hlutafé. Menn voru þó almennt sammála um að gera þyrfti hlutafélagalögin skýrari hvað þetta varðar.

Er langsótt að nota yfirverðsreikning til að jafna tap?

Menn voru að mestu sammála um að slík ráðstöfun væri út af fyrir sig langsóttari en að jafna hagnaðarluta lögbundna varasjóðsins á móti tapi. Með því að jafna yfirverðshluta lögbundna varasjóðsins á móti ójöfnuðu tapi væri verið að „eyðileggja“ hina fræðilegu þrískiptingu eigin fjár, þ.e. innborgað eigið fé, sérstakt endurmat og eftirstæðan hagnað. Engu að síður gefa hlutafélagalögin kost á að varasjóður sé færður á móti ójöfnuðu tapi og gera þar ekki greinarmun á því hvort varasjóðurinn sé myndaður með yfirverði inngreidds hlutafjár eða með framlögum af hagnaði. Þetta væri því lagalega heimilt þrátt fyrir að það skemmdi fyrir því upplýsingagildi sem eiginfjárreikningarnir myndu annars veita. Einnig komu fram vangaeltur um hver tilgangurinn væri með því að skilja eftir ójafnað tap þegar til væru „aðrir sjóðir“ í félaginu til að jafna það.

Gegnir ekki öðru máli um lögbundinn varasjóð sem myndaður er með hagnaðarframlögum?

Menn voru almennt sammála um að eðlilegra og rökréttara væri að byrja á hagnaðarframlagi lögbundna varasjóðsins og ganga síðan á yfirverðsreikninginn ef fyrrnefndi kosturinn „dygði ekki“.

Hvernig má leysa vandamálið með framsetningu á þrískiptingu eigin fjár ef yfirverðsreikningur er notaður til að jafna tap?

Ef ofangreind ráðstöfun er framkvæmd þá gengur hin fræðilega þrískipting ekki upp. Samræmingu vantar á milli hlutafélagalaga, ársreikningslaga og hugtakarammans sem reikningsskilaráð hefur sent frá sér í þessu sambandi. Umræður spunnust einnig um hvort lesendum ársreikninga þætti þrískipting eigin fjár yfir höfuð áhugaverð. Ef svo væri þá fælist lausnin í því að banna ráðstöfun yfirverðsreiknings með ofangreindum hætti. Flestir voru sammála um að þetta yrði að vera skýringaratriði með eiginfjárfirliti ef yfirverðsreikningi væri ráðstafað með þessum hætti.

Hvað skal gera við endurmatsreikninginn ef verðleiðréttum reikningsskilum verður hætt? Færa hann á yfirverðsreikninginn? Er ekki eðlilegt að nálgast framreiknað innborgað hlutafé áður en það er gert?

Flestir voru sammála því að færa framreikning á innborguðu eigin fé á yfirverðsreikninginn. Það sem umfram væri á endurmatsreikningi, eða það sem á vantaði, ætti síðan að flytja á óráðstafað eigið fé. Einnig komu fram hugmyndir um að skilja það sem umfram væri framreikninginn eftir á sérstöku endurmati.

Lækkun hlutafjár til að jafna tap. Er ekki eðlilegt að yfirverðsreikningur, endurmatsreikningur og lögbundinn varasjóður fylgi með í slíkri lækkun?

Þarna greindi menn talsvert á. Sumir voru á því að færa reikningana niður hlutfallslega en aðrir höfðu þá skoðun að ekki ætti að ganga á sjálft hlutaféð fyrr en „allt annað“ væri uppuríð.

Lækkun hlutfjár með útgreiðslu, meðhöndlun?

Flestir voru sammála um að láta yfirverðsreikning og endurmatsreikning fylgja með við slíka ráðstöfun þar sem um endurgreiðslu á framlögðu fé væri að ræða.

Lokaorð

Eins og áður sagði kom það nokkuð á óvart hversu ríkjandi það virðist vera að siglt sé undir hentifána varðandi meðferð eiginfjárreikninga félaga skráðra á Verðbréfabingi Íslands. Oft er það svo að framsetning þeirra er alfarið í höndum endurskoðenda enda yfirleitt um tæknilega útfærslu að ræða. Sum umfjöllunarefnið hér hafa verið rædd kunna að virðast léttvæg en geta verið afar mikilvæg við ákveðnar aðstæður og er því full ástæða til að vanda betur til verks. Það er von okkar sem að málþinginu stóðum að umfjöllun sem þessi megi leiða til aukinna umræðna um gerð íslenskra reikningsskila, leiða til betri gæða þeirra og samannburðarhæfni.

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna FLE

Á heimasíðu FLE www.fle.is er í gangi viðhorfskönnun sem félagsmenn FLE eru hvattir til að taka þátt í.

Endurskoðunarnefnd FLE



Málþing KPMG um kaupréttarsamninga á hlutabréfum og önnur hvatakerfi

Málþingið verður haldið af KPMG í samstarfi við Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Félag löggilta endurskoðenda, fimmtudaginn 29. mars kl. 16:00-18:30 í Hvammi að Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.

Dagskrá:

Setning
Virðisstjórnun og hvatakerfi
Skatta- og lögfræðileg atriði tengd kaupréttarkerfum
Reikningskilareglur
Umræður – vinnuhópar
Samantekt og slit

Fyrirlesarar eru:

Ingvi Þór Elliðason, ráðgjafi KPMG-Ráðgjöf,
Hrannar Hólm, ráðgjafi KPMG-Ráðgjöf,
Bernharð Bogason, lögfræðingur KPMG-Endurskoðun,
Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur KPMG-Endurskoðun,
Alexander Edvarðsson, löggiltur endurskoðandi KPMG-Endurskoðun,
Sæmundur Valdimarsson, löggiltur endurskoðandi KPMG-Endurskoðun.

Skráning á málþingið fer fram á skrifstofu FVH með tölvupósti fvh@fvh.is eða í síma 551 1317.

Vinsamlegast tilgreinið **nafn, starf og menntun.**

Allir velkomnir en athugið takmarkaðan þátttökufjölda.

Staðfesting verður send til þeirra sem komast að.

KPMG Endurskoðun hf.
Aðalsteinn Hákonarson endurskoðandi



Málþing Deloitte & Touche hf. um afnám verðleiðréttra reikningsskila þann 31. maí 2001

Deloitte og Touche hf. heldur málþing um afnám verðleiðréttra reikningsskila fimmtudaginn 31. maí n.k. Fyrir liggur ákvörðun Evrópusambandsins um að þau félög sem skráð eru á verðbréfaþingum á svæði sambandsins skuli lúta ákvæðum alþjóðlegra reikningskilastaðla. Jafnframt hefur Reikningsskilaráð tekið þá ákvörðun að miða reglur sínar við reglur alþjóðlegru reikningskilanefndarinnar (IASC).

Á málþinginu verður fjallað um með hvaða

hátt best sé að standa að afnámi verðleiðréttra reikningsskila á Íslandi. Nauðsynlegt er talið að gera viðeigandi breytingar á skattalöggjöf til samræmis og verður fjallað um áhrif þess á tekju- og eignarskattsstofn. Gerð verður grein fyrir því hvaða áhrif þessi breyting hefur á afkomu nokkurra félaga miðað við ársreikninga síðustu ára.

Mikilvægt er að viðtæk samstaða náist um þær breytingar sem gerðar verða, þar með tald-

ar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Deloitte & Touche hf. væntir þess að sem flestir félagsmenn FLE sjái sér fært að sækja málþingið enda viðfangsefnið áhugavert.

Fundarstaður verður auglýstur er nær dregur.

Deloitte & Touche hf.
Knútur Þórhallsson endurskoðandi.

INNBINDIVÉLAR

Innbindingvélar eru hentugur kostur fyrir fyrirtæki, skóla og stofnanir.



Plastgormavél

- Gatar allt að 25 blöðum í einu í A4 stærð.
- Bindur allt að 450 blöðum með allt að 50 mm plastgormum.

34.900,-



Innbindingefni

Úval af gormum, kartoni og plasti fyrir innbindingvélar.



Virgormavél

- Gatar allt að 12 blöðum í einu í A4 stærð.
- Bindur allt að 130 blöðum með allt að 14 mm virgormum.


37.672,-



Plöstunavél

- Tekur stærðir frá kreditkortum til A3.
- Ræður við mismunandi þykktir.

39.900,-



Þjófum upp á nokkrar tegundir af innbindingvélum og mikið úrval af innbindingefnum

Komdu við í verslun okkar að Höfðabakka 3, pantaðu í síma 515 5100, eða verslaðu í netverslun Odda á www.odd.is.



Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. apríl 2001 kl. 12
- Endurskoðendadagur FLE, Salurinn-Tónlistarhús Kópavogs föstudagur 27. apríl 2001 kl. 13-17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. maí 2001 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. júní 2001 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. sept. 2001 kl. 12
- Haustráðstefna FLE haldin í London, dagana 4.- 5. október 2001
- Haustráðstefna, aðalfundur FLE, Salurinn Tónlistarhúsi Kópavogs, fimmtudag og föstudag 8. og 9. nóvember 2001
- Árshólf FLE, Sunnusalur, Radisson SAS-Hótel Saga, 9. nóvember 2001

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9–12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@islandia.is

Heimasíða: www.fle.is

Skattlagning á Íslandi – samanburður við önnur lönd

Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Þýskaland, Bretland
Erindi flutt á Skattadegi FLE 19. janúar 2001

Inngangur

Í byrjun hvers árs heldur Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) svonefndan skattadag. Fræðslunefnd og skattanefnd FLE standa jafnan fyrir dagskrá skattadagsins. Þar eru tekin til umfjöllunar þau skattalegu málefni sem helst eru talin skipta máli við uppgjör og framtalsgerð á komandi vertíð, en svo nefnist árlegur annatímí endurskoðenda. Skattadagurinn 2001 var haldinn 19. janúar í Kópavogi. Vegna umræðna, sem urðu á síðasta ári, um hvort íslenska skattkerfið væri að þróast til sömu áttar og í öðrum Evrópulöndum, ákvað skattanefndin að leggja nokkra vinnu í það að þessu sinni að gera samanburð á íslenska kerfinu og skattkerfum nokkurra annarra landa. Ástæðan er sú að skattheimta er ekki bara tekjuöflun hins opinbera, heldur einnig stór áhrifavaldur um skilyrði til atvinnurekstrar og þar með um samkeppnisstöðu hvers lands í samfélagi þjóðanna. Fyrir valinu urðu Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Bretland og Þýskaland. Í skattanefndinni starfa meðal annarra fulltrúar frá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækjunum KPMG og Deloitte & Touche og var ákveðið að leita upplýsinga í gagnaböndum þessara fyrirtækja um aðferðir við að skattleggja tekjur og eignir einstaklinga og lögaðila í umræddum löndum.

Skemmst er frá því að segja að þessi samanburður er bæði erfiður og flókinn. Þar má nefna að skattkerfin í Bretlandi og Þýskalandi eru ólík hvort öðru auk þess sem þau eru ólík mörgu því sem segja má að sé líkt eða sameiginlegt með skattkerfunum á Norðurlöndunum. Sérstaklega á það við um skattlagningu einstaklinga. Því til



Aðalsteinn Hákonarson
endurskoðandi



Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

viðbótar eru svo gríðarlega mörg atriði sem hafa áhrif á það hver hin endanlega skattlagning verður. Hjá einstaklingum má nefna t.d. fjölskyldustærð, skuldastöðu, fjarlægð til og frá vinnu, heimilaða frádráttarliði, skattþrep, persónuafslætti o.fl. Hjá lögaðilum valda mismunandi reglur um frádrátt frá skattskyldum tekjum því að samanburður verður flókinn.

Þrátt fyrir þá annmarka á samanburðinum sem hér hafa verið nefndir má þó sjá ákveðin einkenni á skattkerfi hvers lands og hvernig þau eru byggð upp. Í köflunum hér á eftir eru dregin fram nokkur meginatriði úr þeim athugunum sem skattanefndin gerði og í lokin gerð tilraun til þess að setja fram niðurstöðu sem þó er ekki einhlít.



1. Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur lögaðila

- Ísland** Tekjuskattur tekjuárið 2000 er 30% á lögaðila og 38% á sameignarfélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar. Tekjuskattur alþjóðlegra viðskiptafélaga er 5%. Móttekinn arður er frádráttarbær frá tekjum hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, þó ekki arður frá alþjóðlegum viðskiptafélögum o.fl. Sameignarfélög greiða 10% skatt af fengnum arði.
- Danmörk** Tekjuskattur lögaðila tekjuárið 2000 er 32% (lækkar í 30% fyrir tekjuárið 2001). Móttekinn arður er frádráttarbær frá tekjum ef móttökufélagið á 25% eða meira í félaginu sem arðinn greiðir.
- Noregur** Tekjuskattur lögaðila tekjuárið 2000 er 28%. Arður milli norskra félaga er skattlagður með því að nota svokallað skattgildiskerfi.
- Svíþjóð** Tekjuskattur lögaðila tekjuárið 2000 er 28%. Arður er undanþeginn skattlagningu hjá móttakanda ef hann á a.m.k. 25% í félaginu sem arðinn greiðir og eignarhald hlutanna er í viðskiptalegum tilgangi.
- Þýskaland** Tekjuskattur lögaðila tekjuárið 2000 er 52,39% af hagnaði og 43,70% af hagnaði sem greiddur er út (inniheldur 5,5% gjald vegna sameiningar Þýskalands). (Fyrir tekjuárið 2001 er tekjuskatturinn 39,36%). Arður er skattlagður með skattgildiskerfi.
- Bretland** Tekjuskattur 1. apríl 2000-31. mars 2001 er 10% á tekjur upp að GBP 10.000. Tekjur á milli 10.000-50.000 eru skattlagðar með 27,5%. Tekjur á milli 50.000-300.000 eru skattlagðar með 20%. Tekjur á milli 300.000-1.500.000 eru skattlagðar með 32,5% og tekjur umfram 1.500.000 eru skattlagðar með 30%. Arður á milli breskra félaga er skattfrjáls.

Eignarskattur lögaðila

- Ísland** Eignarskattur tekjuárið 2000 er 1,25% og sérstakur eignarskattur er 0,25%. Alþjóðleg viðskiptafélög greiða ekki eignarskatt.
- Danmörk** Enginn eignarskattur er lagður á hreina eign félaga.
- Noregur** Enginn eignarskattur er lagður á hreina eign félaga.
- Svíþjóð** Enginn eignarskattur er lagður á hreina eign félaga.
- Þýskaland** Enginn eignarskattur er lagður á hreina eign félaga.
- Bretland** Enginn eignarskattur er lagður á hreina eign félaga.

Samsköttun lögaðila

- Ísland** Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.
- Danmörk** Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.
- Noregur** Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.
- Svíþjóð** Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.

Þýskaland Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.

Bretland Í gildi eru reglur um samskattlagningu félaga.

Reglur um eignarhaldsfélög

- Ísland** Engar sérreglur eru um eignarhaldsfélög.
- Danmörk** Sérreglur gilda um eignarhaldsfélög.
- Noregur** Engar sérstakar reglur eru í gildi um eignarhaldsfélög.
- Svíþjóð** Í gildi eru reglur um eignarhaldsfélög.
- Þýskaland** Í gildi eru reglur um eignarhaldsfélög.
- Bretland** Í gildi eru reglur um eignarhaldsfélög.

2. Skattlagning einstaklinga

Skattlagning hjóna

- Ísland** Einstaklingar í hjónabandi eða sambúð eru skattlögð sitt í hvoru lagi af launa- og atvinnurekstrartekjum, en samsköttuð af fjármagnstekjum og lagt á það hjóna sem hefur hærri launatekjur. Hjón geta nýtt ónotaðan skattaafslátt hvors annars.
- Danmörk** Sambærilegt og á Íslandi.
- Noregur** Almennt eru hjón skattlögð saman en hægt að óska eftir sérsköttun. Skattkerfið reiknar sjálfkrafa hvor aðferðin er hagstæðari og skiptir síðan heildarsköttum hjónanna á þau í hlutfalli við skattstofna hvors þeirra.
- Svíþjóð** Tekjur einstaklinga í hjónabandi eða sambúð eru sérsköttuð, en hjón eru samsköttuð vegna eignarskatts.
- Þýskaland** Hjón geta óskað samsköttunar eða sérsköttunar eftir því hvort er hagstæðara. Ef þau eru samsköttuð greiða þau tvöfaldan skatt á helming sameiginlegra tekna.
- Bretland** Tekjur hjóna eru skattlagðar sér hjá hvoru fyrir sig.

Skattlutföll

- Ísland** Einstaklingar greiða 26,41% tekjuskatt til ríkissjóðs og um 11,96% útsvar til sveitarfélags (=38,37%). Hátekjuskattur reiknast 7% af almennum tekjuskattstofni yfir 3.278.000 kr. hjá einstaklingi og 6.556.000 kr. hjá hjónum. Hjón mega samnýta hátekjufrímörkin. Fjármagnstekjur skattleggjast sérstaklega um 10% tekjuskatt.
- Danmörk** Tekjuskattur er 7% (lækkar í 5,5% 2002) en útsvarið er almennt um 31,7% (=38,7%). Millitekjuskattur (mellemskat) er 6% af tekjum yfir 164.000 DKK og hjón hafa tvöföld mörk og mega samnýta. Hátekjuskattur (topskat) er 15% af tekjum yfir 267.000 DKK en frítekjumörkin eru ekki samnýtanleg á milli hjóna. Heildartekjuskattbyrði má ekki verða hærri en 59%. Hlutabréfatekjur upp að 36.000 DKK (hjón 72.000) eru skattlagðar um 25% fjármagnstekjuskatt og umfram þau mörk um 40%.

Noregur Tekjuskattur er 9,9% og útsvarið 18,1% (=28%). Hátekjuskattur (toppskatt), 13,5%, leggst á tekjur einstaklings yfir 269.000 NOK og tekjur samskattaðra hjóna og einstæðra foreldra sem eru yfir 319.000 NOK. Fjármagnstekjur eru hluti af tekjuskattstofni. Mismunandi stofn getur verið til útreiknings grunntekjuskatts og hátekjuskatts vegna takmarkaðri frádráttarheimilda og vaxtatekjur og arðstekjur eru td. ekki hluti af hátekjuskattsstofni.

Svíþjóð Allflestir skattgreiðendur greiða fasta skattupphæð til ríkis, 200 SEK, af atvinnutekjum sem eru yfir skattleysismörkum, auk 31% útsvars.

Tekjuskattur reiknast 20% af atvinnutekjum yfir 219.000 SEK og að 359.999 SEK en 25% af tekjum yfir 360.000 SEK. Samtals geta jáðarskattar náð 56%.

Fjármagnstekjur eru skattlagðar sérstaklega með 30% skatti.

Þýskaland Tekjuskattur er lagður á með stighækkandi skatthlutföllum í þremur stigum: Skattleysismörk eru fyrstu 13.000 DEM. Fyrsta stig er 22,9%-26,7% af 13 – 16.999 DEM. Annað stig er 26,7-36,7% af næstu 17-66.365 DEM og þriðja stig er 36,69-51% af næstu 66.366-120.000 DEM. Af 120.000 DEM og yfir er skatthlutfallið 51%. Að meðaltali er skattbyrði um 24% af 60.000 DEM tekjum og um 32% af 120.000 DEM tekjum. Fjárhæðarmörk eru tvöfalt hærrí hjá samsköttuðum hjónum.

Aukaskattur er lagður á sem nemur 5,5% af álögðum tekjuskatti.

Útsvar til sveitarfélaga er lagt á atvinnurekstartekjur, mishátt hlutfall eftir sveitarfélögum. Vegna útsvars á atv.rekstrartekjur getur hámarkstekjuskattshlutfall á þær orðið 43% (í stað 51% sbr. hér að framan vegna tvísköttunaráhrifa annars).

Bretland Tekjuskattur í lægra þrepi reiknast 10% á fyrstu 1500 GBP, grunnskattur 23% á næstu 28.000 GBP og 40% á tekjur umfram það.

Flestar tegundir fjármagnstekna eru skattlagðar með 20% af fjármagnstekjum upp að 28.000 GBP. Ef heildartekjur einstaklingsins ná ákveðnum mörkum, þá er hlutfallið 40%.

Skattlagning arðs er 10% af reiknuðum skattstofni 0-28.000 GBP og 32,5% af arði yfir þeim mörkum.

Tekjur af atvinnurekstri

Ísland Hreinar tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri reiknast sem heildartekjur að frádrögnum frádráttarbærum rekstrargjöldum. Nær sömu reglur gilda um sjálfstæðan atvinnurekstur og lögaðila.

Danmörk Sams konar og á Íslandi. Hægt að óska eftir því að atvinnurekstrartekjur rekstrarmanna verði skattlagðar á sama hátt og með sama hlutfalli og hjá lögaðilum sem þýðir að skatthlutfallið af þeim verður 32% (lækkar í 30% 2001)

Noregur Sams konar og á Íslandi. Sérreglur eru um hlutdeild sjálfstætt

starfandi manna, sem starfa í félagi með öðrum (sf. eða ehf.), í hagnaði félagsrekstrarins sem er reiknað sem einstaklings-tekjur.

Svíþjóð Sams konar og á Íslandi.

Þýskaland Almenna reglan gildir, rekstrartekjur – frádráttarbær rekstrargjöld. Mismunur getur verið á frádráttarreglum við útreikning tekjuskattstofns eða útsvarsstofns.

Bretland Nær sömu reglur um atvinnurekstrartekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga og lögaðila.

Launatekjur

Ísland Launatekjur telja öll laun, fríðindi, hlunnindi og hvers kyns launauppbætur.

Danmörk Launatekjur telja öll laun, fríðindi, hlunnindi og hvers kyns launauppbætur.

Noregur Launatekjur telja öll laun, fríðindi, hlunnindi og hvers kyns launauppbætur.

Svíþjóð Launatekjur telja öll laun, fríðindi, hlunnindi og hvers kyns launauppbætur.

Þýskaland Launatekjur telja öll laun, fríðindi, hlunnindi og hvers kyns launauppbætur.

Innan vissra marka geta yfirvinnulaun fyrir tilfallandi nætur, helgidaga- og frídagavinnu verið undanþegin skatti.

Bretland Allar tekjur sem telja má til launa og launaigildis. Stjórnendur fyrirtækja og starfsmenn með yfir 8500 GBP árstekjum eru skattskyldir af öllum hlunnindum og fríðindum, (bifreiðaafnot, hagstæð lán, leigufrí íbúð) , en aðrir aðeins af tilteknum hlunnindum, og gilda flóknar reglur skattfirvalda um hvernig þessar tekjur eru ákvarðaðar.

Fjármagnstekjur

Ísland Vextir, afföll, gengishagnaður, söluhagnaður af eignum sem ekki tilheyra atvinnurekstri, og arðstekjur.

Skatthlutfall er 10% og skattur reiknast sérstaklega sem fjármagstekjuskattur.

Danmörk Fjármagnstekjur eru tvenns konar; hlutabréfatekjur og aðrar fjármagnstekjur.

Hlutabréfatekjur eru arður og söluhagnaður af hlutabréfum sem hafa verið í eigu manns í meira en þrjú ár. Hlutabréfatekjur eru skattlagðar með sérstökum fjármagnstekjuskatti, (25%).

Aðrar fjármagnstekjur eru hluti af almennum tekjuskattstofni. Heimilt er að draga vaxtagjöld frá öðrum fjármagnstekjum.

Noregur Arðstekjur eru skattlagðar um 28% en síðan er skatturinn lækkaður um þann skatt sem félagið hefur greitt af hagnaðinum fyrir úthlutun arðs. Þannig er arður frá norskum félögum í raun skattlaus hjá einstaklingum. Arður frá félögum sem ekki eru skattlögð í Noregi er skattskyldur.



- Svíþjóð** Vaxtatekjur, arðstekjur, söluhagnaður og leigutekjur af íbúðarhúsnæði. Fjármagnstekjuskattstofninn er reiknaður sérstaklega. Kostnaður við öflun fjármagnstekna, vaxtagjöld og sölutap er frádráttarbært, (30%).
- Pýskaland** Hagnaður af fjárfestingum; arðstekjur, vaxtatekjur, leigutekjur, söluhagnaður eigna utan rekstrar sem ætla má að hafi verið keyptar og seldar í hagnaðarskyni. Kostnaður við að afla fjármagnstekna er frádráttarbær. Fjármagnstekjur eru hluti af tekjuskattstofninum, ekki skattlagðar sérstaklega. Fyrstu 3000 DEM í fjármagnstekjur eru skattfrjálsar (6000 DEM fyrir hjón).
- Bretland** Fjármagnstekjur skattleggjast með mismunandi hætti. Söluhagnaður skattleggst með atvinnutekjum, vextir og aðrar fjármagnstekjur með sér skattlutfalli. Arður og skattaafsláttur vegna arðstekna er lagt saman, síðan reiknast skatturinn skv. viðeigandi hlutfalli, en skattaafsláttinn má svo draga frá þeim skatti. Breytilegur skattur eftir tekjum.

Söluhagnaður, ýmis ákvæði

- Ísland** Ýmis sérákvæði eru um skattlagningu söluhagnaðar. Sölutap má draga frá söluhagnaði af sambærilegum eignum og innan sama árs. Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis til eigin nota er skattfrjálst í flestum tilvikum. Hagnaður af sölu lausafjármuna utan atvinnurekstrar, s.s. bíla, er almennt ekki skattlagður. Söluhagnaður upp að vissu marki af skráðum hlutabréfum er almennt skattlagður 10% en hagnaður af sumum skráðum hlutafélögum getur verið undanþeginn (360.000) ef bréfin hafa verið í eigu meira en 4 ár og ákveðin skilyrði eru uppfyllt.
- Danmörk** Söluhagnaður af bréfum í félögum skráðum á verðbréfamarkaði er skattfrjálst ef bréfin hafa verið í eigu aðila í a.m.k. þrjú ár og markaðsvirði slíkra bréfa í hendi manns hefur ekki farið yfir 117.000 DKK í þrjú ár fyrir söludag. Hagnaður af sölu íbúða er almennt undanþeginn skatti. Flóknar reglur gilda um heimild til að jafna sölutapi á milli tekjutegunda og á milli hjóna.
- Noregur** Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði er almennt undanþeginn ef það hefur verið í eigu aðila í meira en tvö ár. Hagnaður af sölu lausafjármuna utan atvinnurekstrar, s.s. bíla, er almennt ekki skattlagður. Við útreikning á söluhagnaði af hlutabréfum í norskum félögum er kostnaðarverðið leiðrétt með tilliti til breytinga á skattskyldu eigin fé félagsins, skv. ákveðnum reglum um það. Sölutap má draga frá söluhagnaði.
- Svíþjóð** Helmingur af hagnaði af sölu íbúðarhúsnæðis er skattskyldur.
- Pýskaland** Almennt er söluhagnaður ekki skattlagður nema að eignin hafi verið keypt í ágóðaskyni, en sérstakar reglur gilda td. um

lágmarks eignarhaldstíma í því sambandi (t.d. 10 ár vegna fasteigna).

Sölutap má að hluta draga frá hagnaði, fyrst af samskonar eignum svo afgangurinn frá öðrum tekjum að hluta.

Hagnaður af sölu hlutabréfa getur verið skilgreindur sem atvinnurekstrartekjur, ef einstaklingur hefur átt meira en 10% hlut í yfir fimm ár og er skattskyldur eftir ákveðnum reglum. Hagnaður af sölu heilla fyrirtækja, deilda eða 100% í félagi er skilgreint sem skattskyldur atvinnurekstrartekjur og tekju færslu þeirra má dreifa á 5 ár.

Bretland Hagnaður af sölu einkabíla og íbúðarhúsnæðis til eigin nota er ekki skattskyldur.

Sölutap má draga frá söluhagnaði og flytja á milli ára.

Eignarhaldstími seldra eigna hefur áhrif á útreikning söluhagnaðar.

Frádrættir

Ísland Frádrættir eru td. rekstrarkostnaður bifreiða upp að hámarki fenginnar þóknunar fyrir bifreiðaafnot og dagpeningar á móti fengnum dagpeningum og aðrar sambærilegar endurgreiðslur kostnaðar, skv. ákveðnu mati RSK.

Lífeyrisgreiðslur allt að 8% af skattskyldum launatekjum.

Heimilt er að draga frá kostnað sem tengist beint tekjuöfluninni.

Fjármagnskostnaður er ekki frádráttarbær (nema vegna atvinnurekstrar) og stéttarfélagsgjöld eru ekki frádráttarbær.

Danmörk Sannanlegur kostnaður upp að 4.100 DKK vegna öflunar launatekna. Ferðakostnaður vegna ferða til og frá vinnu. Hlunnindi að markaðsverðmæti undir 4.300 DKK eru undanþegin. Atvinnuleysistryggingargjald og stéttarfélagsgjöld má draga frá tekjum. Framlög til ákveðinna eftirlaunakerfa upp að vissu marki. Rekstrartap má jafna á móti launatekjum, vaxtatekjum og arði, en um það gilda flóknar reglur.

Noregur Ferðakostnaður til og frá vinnu umfram 6.000 NOK er frádráttarbær.

Lífeyrissjóðsiðgjöld upp að 10% (hám. 40.000 NOK) af nettótekjum ársins. Stéttarfélagsgjöld að hámarki 900 NOK.

Velja má um 21% flatan frádráttarlið af heildartekjum í stað launa- og atvinnurekstrarfrádráttarliða (hámark 35.000 NOK).

Dagvistunarkostnaður vegna barna undir 12 ára aldri upp að ákv. hámarki.

Vaxtagjöld má draga frá í útreikningi á skattstofni, þó ekki dráttarvexti vegna greiðslu skatta.

Svíþjóð Einstaklingar mega draga 8.700 – 18.100 SEK frá atvinnutekjum sínum, breytilegt eftir tekjum. Greiðslur í eftirlaunastjóði geta verið frádráttarbærar. Ferðakostnaður til og frá vinnu innan ákv. marka. Kostnaður vegna dagpeninga og ferðakostnaðar.

Frá fjármagnstekjum má draga vaxtakostnað og almennt er sölutap frádráttarbært. 70% af sölutapi af hlutabréfum og 63% sölutaps af fasteignum er frádráttarbært. Sölutap af skráðum félögum má hins vegar draga að fullu frá hagnaði af samskonar hlutabréfum og sölutap af hlutum í einkahlutafélögum (closely held) má draga frá hagnaði af samskonar hlutum.

Halli á fjármagnstekjum manns getur veitt honum skattaflátt skv. ákv. reglum af öðrum sköttum ársins, allt að 30% af halla upp að 30.000 SEK og 21% eftir það, hámark m.v. greidda skatta.

Arðstekjur frá óskráðum sænskum félögum eru undanþegnar skatti innan ákv. marka.

Pýskaland Almennur 2000 DEM frádráttur á móti tilkostnaði við að afla launatekna, en getur orðið hærrí ef framteljandi getur rökstutt meiri kostnað. Greiðslur frá launagreiðanda fyrir ferðir til og frá vinnu með almenningsfarartækjum eru frádráttarbærar. Endurgreiðslur svo sem dagpeningar, upphaldskostnaður, ferðakostnaður o.þ.h. eru skattskyldar en á móti er frádráttur leyfður skv. ákveðnum reglum um það. Ýmsir frádráttarliðir s.s. vegna hlutabréfakaupa (hám. 300 DEM), styrkir launagreiðanda til launþega vegna giftingar eða barnsfæðingar (upp að 700 DEM), kostnaður vegna skólagöngu barna o.fl.

Bretland Einstaklingar mega draga ákv. upphæð frá skattstofni, 4.335 GBP, og hjón fá að auki sameiginlegan frádrátt, þrátt fyrir sérsköttun. Einstaklingar 65 ára og eldri með tekjur undir ákv. mörkum eiga rétt á hærri frádrætti.

Sjómannaafsláttur til sjómanna sem eru minna en hálf árið í heimalandi sínu.

Greiðslur inn í eftirlaunakerfi eru frádráttarbærar upp að ákv. mörkum.

Ýmis konar hvati er til sparnaður og fjárfestinga, sem veita rétt til frádráttar.

Skattaafslættir

Ísland Persónuafslættir eru veittir til einstaklinga 16 ára og eldri sem nema um 280.000 á ári. (Um 730.000 kr. skattleysismörk). Ónýttur skattaafsláttur er millifæranlegur á milli hjóna / sambýlisfólks.

Foreldrar fá barnabætur, sem eru misháar eftir tekjum og eignum foreldra og aldri barna.

Vaxtabætur eru greiddar fólki vegna vaxtakostnaðar tengdum kaupum á íbúð til eigin nota.

Sjómenn fá sérstakan skattaflátt umfram aðra þegna.

Danmörk Persónuafsláttur þýðir í raun að fyrstu 33.000 DKK af tekjum manns eru skattlausar.

Barnabætur eru 7.800 – 11.000 DKK eftir aldri barns.

Noregur Persónuafsláttur einstaklings / hjóna er 26.000 NOK / 52.000 NOK. Barnaafsláttur er veittur með hverju barni (1.820 NOK

með börnum frá 0-15 ára og 2.540 NOK með börnum frá 16-18 ára.

Svíþjóð Persónuafsláttur er 1.320 SEK ef laun eru innan við 135.000 SEK en skerðist síðan hlutfallslega á launabilinu upp að 245.000 SEK.

Pýskaland Barnabótakerfi er með mánaðarlegum greiðslum vegna hvers barns undir 18 ára aldri.

Bretland Vaxtaafsláttur á móti fjármagnskostnaði vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Barnabætur eru greiddar í gegnum almannastryggingarkerfið.

Eignarskattar

Ísland Eignarskattur er lagður á hreina eign miðað við lok hvers árs 1,2% á eignir umfram 3.743.000 og 0,25% viðbót á hreina eign yfir 5.277.000. Til skattstofns teljast m.a. fasteignir, ökutæki, verðbréf. Nokkrar sérreglur gilda um verðbréf og bankainnstæður í skattstofni.

Danmörk Ekki eignarskattur.

Noregur Eignarskattur (formueskatt) reiknast ekki af eign einstaklings undir 120.000 NOK (hjón 150.000 NOK) en stighækkandi 0,4% - 0,7% af hreinni eign umfram það.

Svíþjóð Eignarskattur (statlig förmögenhetsskatt) reiknast 1,5% af stofni umfram 900.000 SEK

Pýskaland Eignarskattar voru aflagðir 1997.

Bretland Eignarskattur er ekki álagður í Bretlandi.

3. Niðurstaða

Eins og fram kom í inngangi eru ýmsir annmarkar á því að bera saman skattkerfi þeirra landa sem til skoðunar voru, einkum ef bera á saman skattbyrði. Það sem virðist þó afhjúpast við þessa athugun er í fyrsta lagi að allar hinar þjóðirnar hafa hætt að leggja eignarskatt á hreina eign lög- aðila á meðan slíkur skattur nemur 1,45% hér á landi. Í öðru lagi virðist eignarskattur á einstaklinga vera á undanhaldi í hinum löndunum, en hann er nú einungis lagður á í Noregi og Svíþjóð auk Íslands. Á móti kemur að fjármagnstekjuskattur er að jafnaði hærri í hinum löndunum þannig að um er að ræða skatt á arðberandi eignir. Þess ber þó að geta að fjármagnstekjuskattur á Íslandi er lagður á brúttótekjur en í hinum löndunum má almennt draga frá kostnað við öflun fjármagnstekna, svo sem vaxtagjöld o.fl. Í þriðja lagi er svo að sjá að hin löndin hafi búið eignarhaldsfélögum betra skattaumhverfi en gert er á Íslandi. Þar er skattlagning mun vægari en hjá öðrum lögaðilum sem skýrist af því að búið er að skattleggja tekjurnar þeirra áður í atvinnurekstri.

Ýmislegt fleira væri hægt að segja um þessa athugun en hér hefur komið fram. Einhvers staðar verður þó að láta staðar numið og verður lesandinn sjálfur að draga ályktanir af öðru því sem fram hefur komið. Skattanefnd FLE væntir þess samt að þessi umfjöllun geti leitt til almennra skoðana- skipta um íslenska skattkerfið, hvert við stefnum og hvort við stöndumst samanburð við aðrar þjóðir.



Nýir félagar árið 2001

Í ársbyrjun luku níu einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur.

FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



*Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
Deloitte & Touche hf.*



*Þorgerður Marinósdóttir
Deloitte & Touche hf.*



*Gunnar Freyr Guðmundsson
PricewaterhouseCoopers ehf.*



*Hildur Sigurðardóttir
KPMG Endurskoðun hf.*



*Hlynur Sigurðsson
KPMG Endurskoðun hf.*



*Reynir Stefán Gylfason
KPMG Endurskoðun hf.*



*Þórdís Dröfn Sigurðardóttir
KPMG Endurskoðun hf.*



*Sigríður Söebeck
TVG Ziemsen*



*Jón Örn Guðmundsson
Endurskoðendur ehf. Þórsögðu*

Frá menntunarnefnd

Hinn árlegi skattadagur FLE var haldinn föstudaginn 19. janúar 2001, að þessu sinni í Salnum í Kópavogi. Að venju mættu félagsmenn mjög vel og fjöldi félagsmanna á skattadeginum var um 150. Einnig mættu nokkrir sérfræðingar af endurskoðunarskrifstofum.

Dagskrá skattadagsins var með hefðbundnu sniði. Formaður félagsins Símon Á. Gunnarsson setti ráðstefnuna og þar næst tók ráðstefnustjórinn Lárus Finnbogason við.

Fyrstur á mælendaskrá var Vignir Rafn Gíslason endurskoðandi. Hann fjallaði um nýlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og breytingar á öðrum skattalögum. Eins og oft var mikið um breytingar á skattalögum árið áður og af mörgu var að taka. Þar sem starf endurskoðandans er sifellt að breytast og færast á fleiri svið, er ekki ólíklegt að einhverjar laga-breytingar, sem fram komu í erindinu hafi farið fram hjá einhverjum félagsmönnum, þegar þær áttu sér stað.

Aðalsteinn Hákonarson endurskoðandi fjallaði því næst um skattlagningu á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Þar kom m.a. fram að eignarskatturinn virðist næstum hvergi vera álagður í hinum vestræna heimi, nema á Íslandi.

Eftir smá teygjur, beygjur og spjall ráðstefnugesta, fjallaði Vala Valtýsdóttir hdl. um þær breytingar á skattalögum sem tengjast valréttarsamningum, en mjög er að færast í vöxt að fyrirtæki geri kaupréttarsamninga við starfsmenn sína.

Þegar ráðstefnugestir höfðu fengið sér kaffi og meðlæti, steig Indriði H. Þorláksson Ríkisskattstjóri í pontu og sagði fréttir frá RSK. Margt fróðlegt kom fram í hans erindi m.a. að verið er að breyta skilafrestum og fyrirkomulagi á framtalsskilum. Meira og meira verður fyrirfram skráð á skatteyðublöðin, dreifingu skattframtala verður seinkað og skilafrestir einstaklingsframtala verða eitthvað lengdir. Telja verður það jákvæða þróun að endurskoðendur geti einbeitt sér að uppgjörum fyrirtækja og félaga fyrstu mánuði ársins, áður en að skattskilum einstaklinga kemur.



Svipmyndir frá skattadegi 2001.



Indriði H. Þorláksson flytur erindi sitt.

Eftir erindi Indriða fjallaði Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi um samskipti endurskoðenda og skattyfirvalda. Eins og við mátti búast var Þorsteinn líflægur á sviði og margt athyglisvert kom fram í hans erindi. Hann benti á að ef skilafrestur einstaklinga verður lengdur og dreifingu skattframtala verður seinkað, leiðir það eingöngu til þess að endurskoðendur missa frá sér dýrmætan tíma í byrjun ársins til frágangs skattframtala einstaklinga og verða þess í stað undir enn meira álagi en áður um sumaríð og langt fram á haust við uppgjör minni félaga og gerð skattframtala. Þessi ábending undirstrikar þá staðreynd að skiptar skoðanir eru um flesta hluti og að mörgu að hyggja þegar breytingar eiga sér stað. Tíminn verður því að leiða í ljós hvort þessar breytingar á framtalsfyrirkomulaginu og skilafrestum verði til bóta eða ekki.

Þar með hefur verið stiklað á stóru um dag-skrá skattadagsins 2001 og enn og aftur er rétt að minnast á hversu duglegir endurskoðendur eru að mæta á ráðstefnur sem haldnar eru á vegum FLE. Sú staðreynd að yfir 60% af endurskoðendum landsins mæta á skattadaginn, er endurskoðendum til mikils sóma og gefur glögga mynd af vilja endurskoðenda til að viðhalda og efla faglega þekkingu sína.

Menntunarnefnd FLE

Úrskurðir yfirskaðanefndar

Úrskurður nr. 13/2001

Mál þetta varðar bindandi álit ríkisskattstjóra, sem ríkisskattstjóri lét uppi í tilefni af beiðni kæranda. Í beiðninni var þess óskað að ríkisskattstjóri léti uppi bindandi álit um skattaleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana kæranda tengdar stofnun tveggja félaga með takmarkaðri ábyrgð einkahlutafélaga, annars vegar á Íslandi og hins vegar í Danmörku, og eftirfarandi ráðstafanir hlutafjár og arðs með þeim hætti sem rakið var í beiðni umboðsmannsins. Kærandi ráðgerði að afla hinu íslenska félagi starfsleyfis sem alþjóðlegs viðskiptafélags í samræmi við ákvæði laga nr. 31/1991, um alþjóðleg viðskiptafélög. Þá ráðgerði kærandi að hlutafé þess félags yrði að öllu leyti í eigu hins danska félags. Kom fram að fyrirhugað væri að flytja hagnað af starfsemi íslenska dótturfélagsins til danska móðurfélagsins eftir því sem heppilegt þætti, og að hugsanlegt væri að að hið danska félag myndi enn fremur fara með eignarhald að öðrum erlendum félögum í eigu kæranda. Hagnaður yrði síðan fluttur til kæranda eftir nánari ákvörðun hans í samræmi við íslensk hlutafélagalög. Fór kærandi fram á að ríkisskattstjóri gæfi bindandi álit á skattalegum áhrifum framangreindra ráðstafana með tilliti til skattlagningar á tekjum og eignum hins íslenska dótturfélags, skattlagningar á arði sem það félag greiddi hinu danska móðurfélagi, skattlagningar á arðgreiðslum danska félagsins til kæranda og loks frádráttarbærni slíkra arðgreiðslna frá tekjum kæranda.

Kæra kæranda til yfirskaðanefndar lýtur einvörðungu að þeim þætti bindandi álits ríkisskattstjóra sem snýr að skattalegri meðferð arðgreiðslna frá hinu íslenska dótturfélagi til móðurfélagsins í Danmörku. Í álitsbeiðni sinni til ríkisskattstjóra gerði kærandi grein fyrir þeirri skoðun sinni að slíkar arðgreiðslur íslenska félagsins til hins danska væru undanþegnar skattlagningu hér á landi á grundvelli samnings Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir. Vísaði kærandi í því sambandi til ákvæðis lokamálsliðar 3. mgr. 10. gr. samningsins og fór þess á leit

að ríkisskattstjóri staðfesti þann skilning með bindandi áliti sínu. Niðurstaða ríkisskattstjóra í hinu kærða bindandi áliti var hins vegar sú að tilvitnað ákvæði tvísköttunarsamningsins tæki ekki til umræddra arðgreiðslna af ástæðum sem greinir í álitinu. Var niðurstaða ríkisskattstjóra ennfremur sú að á umræddar arðgreiðslur yrði lagður 20% skattur hér á landi, og vísaði ríkisskattstjóri í því sambandi til 1. mgr. 72. gr. og 7. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981.

Yfirskaðanefnd breytti bindandi áliti ríkisskattstjóra á þann veg að fallist var á að arðgreiðslur hins danska félags, sem kærandi fyrirhugar að stofna, séu undanþegnar skattlagningu hér á landi á grundvelli lokamálsliðar 3. mgr. 10. gr. samnings milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Úrskurður nr. 22/2001

Skattstjóri lækkaði gjaldfærðan ferðakostnað og lækkaði gjaldfærslu tölvubúnaðar.

Kærandi lagði ekki fram nein gögn til stuðnings kröfu sinni um hækkun frádráttarbærs ferðakostnaðar. Gjaldfærður ferðakostnaður kæranda var vegna alls 104 ferðadaga á seinni hluta ársins og var því um að ræða nánast samfellda dvöl kæranda í Danmörku á umræddum tíma, enda kom fram í málinu að hann leigði þar húsnæði tímabundið vegna verkefna fyrir danskan verkkaupa. Yfirskaðanefnd vísaði kröfu kæranda frá um þetta kæruatriði.

Kærandi gjaldfærði í rekstrarreikningi sínum útgjöld skv. 3 reikningum, dags. 22. júlí, 21. september og 26. nóvember að fjárhæð alls kr. 177.500 vegna kaupa á tölvubúnaði. Yfirskaðanefnd taldi að þessi kaup skyldu virðast heildstætt með tilliti til gjaldfærsluheimildar 41. gr. laga nr. 75/1981. Kæranda bar því að eignfæra búnaðinn og fyrna hann sem eignasamstæðu, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1981. Kröfu kæranda var því hafnað.

Samkvæmt úrslitum málsins var málskostnaðarkröfu kæranda hafnað.

Steinþór Haraldsson tók saman



Hvert eru félagar í FLE að fara?

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá nokkrum manni að gríðarlega miklar breytingar hafa átt sér stað í endurskoðunargeiranum undanfarin ár. Í síðasta tölublaði af FLE fréttum voru sýndar tölur sem sýndu hvar félagsmenn í FLE unnu 1993, 1996 og 2000. Endurskoðunarfyriertækjum hefur fækkað og þau hafa stækkað og nú er svo komið að um 43% endurskoðenda starfa hjá þremur stærstu fyrirtækjunum. Á sama tíma eru sífellt fleiri endurskoðendur farnir að vinna við annað en endurskoðun.

Stór þáttur í þessari þróun síðustu árin hefur verið innbyrðis samruni meðal stærri endurskoðunarfyriertækjanna. Ætla má að sjái fyrir endann á þessari samrunahrinu. Ef skoðuð eru minni endurskoðunarfyriertækin sem eftir eru

sést að þau eru orðin tiltölulega fá og fámenn. Í yfirliti sem birt var á aðalfundi FLE sl. haust voru talin upp 15 minni endurskoðunarfyriertæki þar sem voru fleiri en 2 endurskoðendur, þar af voru eingöngu þrjú sem töldu fleiri en 3 endurskoðendur.

Hver verður þróunin næstu 5-10 árin? Þýðir þetta að nýtt jafnvægi hefur skapast, þar sem

hinir þrír stóru verða með um helminginn af starfandi endurskoðendum, einyrkjar og minni aðilar með um fjórðung og fjórðungur á eftirlaunum eða starfandi við annað en endurskoðun?

Svör við þessum spurningum má sennilega sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir aldersdreifingu félaga í FLE, og hvar þeir starfa. Inni í



TOK plus viðskiptahugbúnaður

Windows samhæfður

TOK plus viðskiptahugbúnaður er Windows samhæfður með nýju og vingjarnlegu notendaviðmóti. Skjámyndir TOK plus er sérstaklega auðvelt að læra á og fullkomin hjálp er til staðar hvar sem notandinn er staddur.


Microsoft SQL gagnagrunnur

Gagnavinnsla TOK plus er byggð á Microsoft SQL gagnagrunni sem tryggir meiri hraða og fjölbreyttari möguleika við gagnameðhöndlun og uppfærslur á gagnalausnum. TOK plus er tilbúið til tengingar við SQL gagnagrunna eins og t.d. Microsoft SQL 7 eða Oracle 8.

Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

TOK plus viðskiptahugbúnaður hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem samtímanotendur eru á bilinu 1 til 10. Möguleikar á kerfisstækkun og fjölgun notenda eru nánast óendanlegir.

vopn í viðskiptum



ax

HUGBÚNAÐARHÚS

Skeifunni 8 · 108 Rvk. · S.: 545 1000 · Fax: 545 1001 · ax@ax.is

RÁÐGJÖF · ÞRÓUN · ÞJÓNUSTA



Þessum tölum eru 9 löggiltir endurskoðendur sem bættust við í febrúar 2001.

Ef rýnt er í þessar tölur er ljóst að þessari þróun er á engan hátt lokið.

Mjög áberandi og sláandi munur er á aldri endurskoðenda eftir því hvar þeir vinna. Þennan munur er ekki hægt að útskýra með því að benda á samruna undanfarinna ára.

Ef nýliðun sl. ár er skoðuð kemur í ljós að minni fyrirtækin eru einfaldlega ekki að endurnýja sig, nema í mjög takmörkuðum mæli. Á meðan hinir þrír stóru eru að útskrifa hátt í tug manna á hverju ári gerist það varla nema annað hvert ár að einhver sem vinnur hjá minni fyrirtækjunum öðlist löggildingu.



Að öllu óbreyttu á þróunin næstu ár því eftir að verða þannig að hinir þrír stóru munu halda áfram að stækka. Einhverjir af minni aðilunum eiga eflaust eftir að sameinast þeim, en mest mun muna um nýliðunina. Miðað við nýliðun undanfarinna ára má ætla að stóru stofnarnar ungi út 30-40 nýjum endurskoðendum næstu 5 árin. Á sama tíma munu minni stofnarnar sennilega ekki útskrifa nema 1-5.

A.m.k. áratugur er í að endurskoðendur fari í einhverjum mæli að hætta störfum vegna aldurs. Ætla má að á næstu 10 árum muni um 10% af núverandi endurskoðendum fara á eftirlaun. Meiri hluti þeirra mun koma af minni stofnunum.

Þeim mun fjölga sem finna sér starf utan endurskoðunargeirans. Sú þróun virðist samt ekki vera eins ákveðin og ætla mætti. Þannig eru ekki nema 19% af þeim sem voru á aldrinum 26-35 ára sem ekki starfa við endurskoðun, en á sama tíma var þriðji hver endurskoðandi á aldrinum 36-45 ára ekki starfandi við endurskoðun.

FLE-fréttir spá því að eftir 5 ár muni um 290 löggiltir endurskoðendur vera í FLE. Þar af munu um 41% vinna hjá hinum þrem stóru, um 16% vinna hjá minni fyrirtækjunum, um 8% munu vera á eftirlaunum og um 35% vinna ekki við endurskoðun. Samtals munu því um 43% endurskoðenda ekki starfa við fagið árið 2005. Starfandi endurskoðendum mun í raun og veru fara fækkandi næstu 5 árin.

Í ljósi lélegs árangurs litlu endurskoðunar-fyrirtækjanna við að ala upp nýja endurskoðendur verður ekki hjá því komist að spyrja



þeirrar spurningar hver sé framtíð litlu endurskoðunar-fyrirtækjanna. Miðað við hversu lítil endurnýjun er hjá þeim virðast þau hreinlega vera í útrýmingarhættu. Það sem helst gæti komið í veg fyrir þá þróun er að það muni færast í vöxt að endurskoðendur menntaðir hjá hinum stóru kljúfi sig frá þeim og fari að vinna sjálfstætt. Slíkt er ekki ólíklegt. Stéttaskipting

meðal endurskoðenda innan stóru stofanna er líkleg til að aukast og ekki víst að hún muni setja alla í þá stöðu sem þeir óskuðu sér. Enn er þó fullsnemmt að afskrifa minni endurskoðunar-fyrirtækin en þau verða að hefja mikla sókn ef ekki á illa að fara. Sókn er jú einu sinni besta vörnin.

Ritnefnd FLE



Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

Námskeið fyrir endurskoðendur apríl 2001

Unnin í samstarfi við menntanefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Félagasamþykktir nr. 151

Farið verður yfir skjalagerð við stofnun einkahluta- og hlutafélaga svo og við hækkun og lækkun hlutafjár. Einnig verður farið yfir ýmis hagnýt atriði við gerð félagasamþykktta og breytingar á þeim.

Kennari: Vala Valtýsdóttir hdl.

Tími: 3. apríl kl. 13:00-17:00. Verð: 9.200 kr. Ein: 6

Rafræn eignaskráning verðbréfa nr. 152

Einkum ætlað endurskoðendum.

Þátttakendur fá innsýn í þau réttaráhrif sem fylgja rafrænni skráningu. Farið verður í helstu breytingar sem verða í viðskiptum með verðbréf með tilkomu rafrænnar eignarskráningar, en samkvæmt nýlegum lögum um efnið, nr. 131/1997, verða viðskipti með áþreifanleg bréf ógild eftir að þeim hefur verið breytt í rafréf. Einnig verður kynnt tölvukerfi fyrir rafræna skráningu.

Kennarar: Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur, Einar Sigurjónsson framkvæmdastjóri, Daði Bjarnason lögfræðingur og Einar Þórðarson tölvunarfræðingur, allir hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

Tími: 5. apríl kl. 16:00-20:00. Verð: 10.200 kr. Ein: 6

Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi nr. 153

Ætlað aðilum í byggingarstarfsemi, aðilum sem stunda fasteignaviðskipti svo og þeim sem hafa atvinnu af endurskoðun og bókhaldsþjónustu.

Fjallað verður um þær reglur sem gilda við bæði byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Farið verður í reglur um sérstaka og frjálsa skráningu og leiðréttingarkvaðir á atvinnuhúsnæði almennt.

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá Skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: 5. apríl kl. 8:30-12:30. Verð: 9.200 kr. Ein: 6

ALÞJÓÐLEG EINKABANKAÞJÓNUSTA

- ÞÍN TENGING
VIÐ FJÁRMÁLAHEIMINN

Eignastýring
Fjárfestingarráðgjöf

Varsla verðbréfa
Skattaráðgjöf

Við opnum þér greiðari leið til fjárfestinga um allan heim. Njóttu sérhæfðrar fjármálaþjónustu og faglegrar ráðgjafar sérfræðinga okkar beggja vegna Atlantshafsins. Alþjóðleg einkabankaþjónusta Kaupþings brúar bilið milli þín og fjármálaheimsins.

NEW YORK
REYKJAVÍK
LÚXEMBOURG
STOKKHÓLMUR
FÆREYJAR



KAUPÞING

Kaupþing hf. • Ármúla 13A • Reykjavík
sími 515 1500 • fax 515 1509 • www.kaupthing.is